



FRÉTTABRÉF

Dægradvöl Kársnesskóla- desember 2011.

Til foreldra barna í Dægradvöl Kársnesskóla.

STARFIÐ Í HAUST OG TIL JÓLA

Dægradvöl er opin frá því að skóla lýkur á daginn til kl. 17:00 þá daga sem skólinn starfar en lokuð í jóla- og páskafríum. Opið er í Dægradvöl á skipulagsdögum skólans frá kl. 8:00 – 17:00 en lokað í vetrarfríum. Vegna skipulags og matarkaupa þurfa þeir sem ætla að nýta sér þessa þjónustu að tilkynna það með viku fyrirvara. Í Dægradvöl eru skráð 110 börn. Í Dægradvöl er lögð áhersla á kurteisi, uppbyggjandi samskipti, góða umgengni, frjálsan leik og markvissa útivist.

JÓLIN KOMA

Jólaþjónin kominn á sinn stað að ógleymsdu jólaþöndrinu.

Við höldum **LITLU JÓLIN fimmtudaginn 15. desember** kl. 14:20 til kl. 15:30 í íþróttahúsinu. Munum við fá til okkar góða gesti og syngja jólalög. Að lokum verður farið í Dægradvöl og fá börnin hressingu áður en haldið verður heim. Þeim börnum sem ekki eru skráð í Dægradvöl þennan dag er boðið að koma beint eftir skóla og vera til kl. 16:00. Ekki er ætlast til að börnin komi í sparifötum.

JÓLAFRÍ

Síðasti dagur fyrir jól er 20. desember. Dægradvöl er opið frá kl. 10:30 til kl. 17:00 þennan dag. **Þeim ykkar sem ætla að nýta vistun þennan dag er bent á að láta vita fyrir 16. desember vegna skipulags og matarkaupa.**

Starfsfólk í Dægradvöl óskar ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar!

INNHEIMTA

Dvalargjöld skulu greiddast fyrir fram í hverjum mánuði.

Er foreldrum sem enn eiga ógreidd dvalargjöld bent á að ganga frá greiðslu hið fyrsta.

Með ósk um gott samstarf hér eftir sem hingað til.

F.h starfsfólks Dægradvalar
Sigurrós Ólafsdóttir
sími: 570-4307